

BOÐSBRÉF

Þann 6. nóvember næstkomandi verða liðin 10 ár frá því Þorgeir Rúnar Kjartansson lést.

Af því tilefni sendir Ljós á jörð frá sér viðhafnarútgáfu með ljóðum Þorgeirs og listaverkum eftir hann og fleiri myndlistarmenn. Með þessu bréfi er þér boðið að gerast áskrifandi að bókinni og fá nafn þitt ritað í Tabula Gratulatoria. Hátíðardagskrá með tónleikum og ljóðalestri verður í Iðnó 6. nóvember 2008. Fjölmargir listamenn koma fram.

Bókin hefur hlotið heitið *Óður eilífðar*. Hún er gefin út í 600 eintökum, innbundin 350 síðna bók með litmyndum. Þar af verða 500 eintök seld.

Þorgeir, oft nefndur Goggi meðal vina, var sagnfræðingur og kennari og fjölhæfur listamaður sem meðal annars lék á saxófón í hljómsveitinni Júpíters. Hann orti einnig, teiknaði og málaði og hefur ljóðum hans og myndum nú verið safnað saman í þessu verki. Rúmur helmingur ljóðanna hefur ekki komið fyrir almenningssjónir áður. Safnið skiptist í fimm hluta: 1. Veðraspá, 2. Sæludalir og Sorgarfjöll, 3. Sólaris - Pólaris, 4. Sálmar og 5. Þar sem það er séð. Ljóðin sýna mikla breidd Þorgeirs sem ljóðskálds en þau spanna sárbeittustu ádeilu, dýpstu trúarinnlifun, óvægnasta nið, innilegustu ástartjáningu og allt þar á milli. Þeim er fylgt úr hlaði með inngangi eftir Hrafn Jökulsson, Guðmund Andra Thorsson og Rúnu K. Tetzchner.

Auk mynda eftir Þorgeir sjálfan prýða bókina listaverk eftir Erlu Þórarinsdóttur, Halldór Ásgeirsson, Steingrím Eyfjörð, Tómas Ponzi, Sigurð Þórisson, Hannes Lárusson, Gunnar S. Magnússon, Friðrik og Rúnu K. Tetzchner.

Í tengslum við útkomu bókarinnar hafa félagar úr Júpíters samið verk við Veðraspána. Þeir eru Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson, Kristinn H. Arnason, Hjalti Gíslason, Einar Jónsson, Halldór Láruson, Kormákur Geirharðsson, Eiríkur Stephensen, Birgir Bragason og Hörður Bragason sem einnig hefur samið tónverk við Sálma Þorgeirs. Verkin verða frumflutt á tónleikunum í Iðnó þann 6. nóvember.

Þeir sem óska eftir að gerast áskrifendur að bókinni *Óður eilífðar* eru beðnir um að fylla út meðfylgjandi eyðublað og senda til Ljóss á jörð **fyrir 8. september næstkomandi**, annað hvort með tölvupósti eða bréfleiðis. Greiðslu ber sömuleiðis að inna af hendi fyrir 8. september. Útgáfan er kostnaðarsöm en með því að kaupa bókina styrkja áskrifendur hana og gera hana mögulega. Verð bókarinnar er **5.900 kr.** og miðast við að hún sé sótt. Hægt er að sækja bókina í Iðnó útgáfukvöldið 6. nóvember eða eftir samkomulagi. Annars leggst á sendingargjald 500 kr., samtals **6.400 kr.** Nánari upplýsingar fást í síma 691-3214.

Tölvupóstur: runakt@hive.is

Bréfleiðis: Ljós á jörð, b.t. Rúnu K. Tetzchner, Óðinsgötu 21b, b.v., 101 Reykjavík.

Greiðslureikningur: **0318-13-301139, kt. 060367-4429**

Ljósblíðar kveðjur

Rúna K. Tetzchner

útgáfu- og framkvæmdastjóri

Tabula Gratulatoria

í ljóða- og listaverkabókina

Óður eilífðar

Ljóð eftir Þorgeir Rúnar Kjartansson

Listaverk eftir höfundinn og 9 myndlistarmenn

Bókin kemur út þann 6. nóvember 2008 þegar liðin verða 10 ár frá andláti Þorgeirs.

Ég óska eftir að fá neðanskráð nafn (nöfn) ritað í **Tabula Gratulatoria** í bókinni **Óður eilífðar** eftir Þorgeir Rúnar Kjartansson.

NAFN/NÖFN: _____

SENDANDI:

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____

Netfang: _____

Vinsamlega sendið útfyllt eyðublaðið fyrir **8. september nk.** á tölvufangið: runakt@hive.is eða
bréfleiðis til: **Ljós á jörð**, b.t. Rúnu K. Tetzschner, útgáfu- og framkvæmdastjóra, Óðinsgötu 21 b, b.
v., 101 Reykjavík.

Greiðslureikningur er í Kaupþingi: **0318-13-301139, kt. 060367-4429**

Upphæð greiðslu **5.900 kr.** ef bókin er sótt, en **6.400 kr.** með sendingargjaldi.

Athugið að áriðandi er að setja kennitölu greiðanda sem skýringu, svo auðrekjanlegt verði hver hafi greitt.